

Útskýringar á ræstingartíðnikóðum og framkvæmd ræstinga

Ræstingartíðnikóðar eru skilgreindir með þremur tölum þar sem fyrsta talan segir til um hversu oft í viku skuli létt þrif fara fram, þ.e. fara inn í viðkomandi rými og a.m.k. viðhalda þrifum. Önnur talan segir til um hversu oft í viku skuli ræsta gólfín ýtarlega og þriðja talan segir til um hversu oft í viku skuli ræsta innanstokksmuni ýtarlega. Ef upphafstalan er 5 er alltaf átt við virka daga, ef upphafstalan er 6 er rýmið einnig ræst á laugardögum, ef talan er 7 er rýmið ræst alla daga vikunnar. Kóðinn „mmm“ þýðir að viðkomandi svæði á að ræsta einu sinni í mánuði.

Dæmi:



Dæmið hér að ofan sýnir að farið er þrisvar í viku inn í rýmið til að ræsta gólf ýtarlega en tvisvar til að viðhalda ræstingu gólfa. Innanstokksmuni þarf að þrifa ýtarlega einu sinni í viku en viðhalda þrifum á þeim fjórum sinnum í viku. Sem sagt; Þá daga sem ýtarleg þrif á gólfum og/eða innanstokksmunum eru ekki á dagskránni þá skulu létt þrif framkvæmd.

Létt þrif (fyrsta talan)

Létt þrif þýða að alltaf þegar farið er inn í rými er gert ráð fyrir að sá sem ræstir fari yfir gólf og innanstokksmuni og framkvæmi það sem nauðsynlegt er til að viðhalda rýminu hreinu.

Gólf: Rykmoppað eða ryksugað á gönguleiðum og sýnileg óhreinindi, blettir og laust rusl fjarlæggt.

Innanstokksmunir: Loftað út. Þurrkað af skrifborðum og öðrum borðum eftir þörfum. Mottur, klósett, þvagskálar, vaskar og tilheyrandi speglar, hillur og flísar þrifið eftir þörfum. Fyllt á hreinlætisvörur og ruslafötur tæmdar eftir þörfum.

Veggir: Blettir fjarlægðir af veggjum og hurðum.

Ýtarleg gólfæsting (önnur talan)

Ýtarleg gólfæsting þýðir að þrifa skuli með ýtrustu aðgerð (blautþvottur, ryksugun o.s.frv.) m.t.t. gólfefnis. Ýtarleg gólfæsting er framkvæmd með jöfnu millibili (t.d. alltaf sömu vikudaga) í samræmi við tíðni hvers rýmis.

Ýtarleg ræsting innanstokksmuna (þriðja talan)

Ýtarleg ræsting innanstokksmuna þýðir að þrifa skal með ýtrustu aðgerð (þurrka af, ryksuga o.s.frv.) aðgengilega innanstokksmuni. Í þessu sambandi teljast til innanstokksmuna syllur í veggjum, gluggakistur, innréttingar, húsgögn, hurðir, gler í hurðum og glerveggir, hurðarhúnar, slökkvarar, skrifstofutæki og hreinlætistæki. Ýtarleg ræsting innanstokksmuna er framkvæmd með jöfnu millibili (t.d. alltaf sömu vikudaga) í samræmi við tíðni hvers rýmis.